

Ávarp Fjallkonunnar

Hver á sér fegra föðurland

Hver á sér fegra föðurland,
með fjöll og dal og bláan sand,
með norðurljósa bjarmaband
og björk og lind í hlíð?
Með friðsæl býli, ljós og ljóð,
svo langt frá heimsins vígaslóð.
Geym, drottinn, okkar dýra land
er duna jarðarstríð.

Hver á sér meðal þjóða þjóð,
er þekkir hvorki sverð né blóð
en lifir sæl við ást og óð
og auð, sem friðsæld gaf?
Við heita brunna, hreinan blæ
og hátign jökla, bláan sæ,
hún uni grandvör, farsæl, fróð
og frjáls - við ysta haf.

Ó, Ísland, fagra ættarbyggð,
um eilífð sé þín gæfa tryggð,
öll grimmd frá þinni ströndu styggð
og stöðugt allt þitt ráð.
Hver dagur liti dáð á ný,
hver draumur rætist verkum í
svo verði Íslands ástkær byggð
ei öðrum þjóðum háð.
Svo aldrei framar Íslands byggð
sé öðrum þjóðum háð.

Hulda
1881 - 1946

Nánari upplýsingar á www.seltjarnarnes.is



SELTJARNARNESBÆR

17. júní í Bakkagarði

Kl. 10-12 Bátasigling

Siglingafélagið Sigurfari og Björgunarsveitin Ársæll bjóða upp á skemmtisiglingu frá smábátahöfninni við Bakkavör ef veður leyfir. Börn þurfa að vera í fylgd með fullorðnum.

Kl. 11.00 Hátíðarguðspjónusta í Seltjarnarneskirkju

Sr. Bjarni Þór Bjarnason sóknarprestur þjónar fyrir altari. Friðrik Vignir Stefánsson organisti leikur. Félagar í Rótarýklúbbsi Seltjarnarness taka þátt. Nýstúdentar eru sérstaklega boðnir velkomnir. Kaffihlaðborð að athöfn lokinni.

Kl. 13.00 Skrúðganga

Lúðrasveit Tónlistarskóla Seltjarnarness fer fyrir göngunni. Safnast verður saman við Mýrarhúsaskóla og gengið eftir Skólabraut í Bakkagarð.

Bakkagarður 13.15 - 16.00

Ávarp frá formanni menningarnefndar

Fjallkonan

Ástarsaga úr fjöllumum - Vinsælt söng- og leikatriði


Wally trúður sprellar

Brynjar Dagur Albertsson sigurvegari í Ísland got talent og félagar hans dansa

Jón Jónsson einn ástsælasti söngvari þjóðarinnar treður upp

FUNK - Funheit gleði-, popp- og funksveit

SVEPPI KYNNIR OG HELDUR UPPI
FJÖRINU ALLAN DAGINN



Vatnaboltar

Raven Dance
Krakkahestar

Vísnaátur

Spákonutjald

Ókeypis í öll leiktæki

Tveir risa
hoppukastalar

Trampólín og fleira



Andlitsmálun



Veitingasala, Candy Flos, Blöðrur,
Kaffiveitingar, 17. júní nammi og dót

Kl. 20-22 Kvöldtónleikar í Bakkagarði

Sara Pétursdóttir sigurvegari í Söngkeppni framhaldsskólanna

Hljómsveitin White Signal með Bjössa sax

Hvítir hrafnar og Meistari Jakob

Ojba Rasta



Athugið að Suðurströnd verður lokað fyrir allri bílaumferð,
nema strætó, frá Steinavör að Bakkavör frá kl. 13-16.